

**Framhald aðalfundar hverfisnefndar Brekku og Innbæjar haldinn 15. apríl 2015 í Brekkuskóla**

42. fundur framhald

- Tryggvi Már Ingvarsson fundarstjóri, sett fundinn og bauð fólk velkomið.
- Jens Kristinn Gíslason, formaður hverfisnefndar endurflutti skýrslu hverfisnefndar sem hjálögð var með fundargerð dags 25.mars 2015.
- Ómar og Ingvar Ívarssynir hönnuðir deiliskipulagstillögu neðri hluta Norður-Brekku kynntu tillöguna. Athugasemdir komu fram frá fundarmönnum varðandi erfiðleika að finna bílastæði við Oddeyrargötu 36 og Hlíðargötu 1.
- Tryggvi Már Ingvarsson fundarstjóri og jafnframt formaður skipulagsnefndar Akureyrarbæjar fór yfir ferli og stöðu deiliskipulagstillögunnar og útskýrði að tími formlegra athugasemda væri runninn út. Umræða um bílastæði átti sér áfram stað auk þess sem ábending kom fram um að staðsetning umferðaskiltis sem bannar innakstur við norðurenda Hlíðargötu sé rangt staðsett. Staðsetning skiltisins tengdist búðarrekstri sem er hættur fyrir áratugum. Jafnframt kom ábending frá fundarmönnum er varðar mikilvægi að mannvirki sem byggt yrði við Þórunnarstræti 126 myndi ekki vera hærra og að ekki yrðu fleiri hæðir skilgreindar í því mannvirki en þeim sem fyrir eru við götuna í næsta nágrenni.
- Kosning nýrrar stjórnar fór ekki fram en 6 manns gáfu kost á sér í nýja stjórn hverfisnefndarinnar og eru því sjálf kjörnir. Inga Lísá Vésteinsdóttir, Viðar Valdimarsson, Friðrik Örn Bjarnason og María Jónsdóttir koma ný inn í stjórn. Sigmundur Kristberg Magnússon heldur áfram sem stjórnarmaður og Elín Auður Ólafsdóttir heldur einnig áfram í stjórn en nú sem varamaður.
- Fundi slitið.

• Ritað, KHH